

### Til sunnudagsskólakennara.

Eins og þegar hefir auglýst verið, kemur ekki blaðið „Kennarinn“ framur sem lexíu-blað fyrir sunnudagsskólana. Verða þá forstöðumenn skólanna að velja sjálfir lexíur, enda munu þeir hafa gert það all-víða hingað til, þrátt fyrir lexíu-val „Kennarans“. En þeim til stuðnings, sem kynnu að æskja leiðbeininga í þessa átt, leyfi eg mér að benda á þetta: 1. „Ljósgeislar“ brúkið áfram bæði fyrir nýja smá-barna bekkji og eins upp aftur fyrir að minsta kosti lægstu bekkji barna þeirra, sem haft hafa þá þetta síðasta ár. Kennurum gefst þá enn þá betra tækifæri til þess að kenna meira af sögunum sjálfum, sem spjöldin eru að eins lítið brot úr, og eins láta börnin hafa meiri not af biblíusögu-spurningum þeim, sem eru á hverju spjalði. Tala við börnin um þær, . Þau læra þær þá mun betur. Kennari, sem skilur köllun sína og er með alúð við verkið sitt, getur að minsta kosti í tvö ár notað spjöldin fyrir sömu börnin. — Skal þess getið, að ekki er ólíklegt að nýir „Ljósgeislar“ komi út að ári og verði þá með litmyndum.

2. Næstu bekkjum fyrir ofan „Ljósgeisla“-bekkina má kenna úrval úr biblíusögum þeim, sem fermingarbörnin eru látin læra. Vona eg, að biblíusögur með myndum, fyrir börn á þessu reki, komi út áður en langt um líður.

3. Fermd börn mætti svo láta lesa í nýja testamentinu, byrja á einhverju guðspjallinu og lesa það alt. Geta kennarar þeirra barna hæglega útvegað sér bók með útskýringum sér til stuðnings. Hver prestur í kirkjufélaginu, sem leitað væri til, myndi hjálpa til með það. — Um lexíur úr gamla testamentinu er naumast að tala að svo stöddu. Þær geta ekki orðið kendar svo í neinu lagi sé, á meðan ekki er hægt að fá neina biblíu.

Óski einhver frekari upplýsinga eða leiðbeininga, er honum velkomið að skrifa mér, og skal eg svara eftir því sem eg best get og hefi vit á.

„Ljósgeislar“ fást eins og að undanfögnu hjá hr. H. S. Bardal í Winnipeg, 10c. eintakið, þegar fleiri eru keypt í einu, eella 15c.

N. Steingrímur Þorláksson,  
Selkirk, Man.